

**1965 nr. 25 21. apríl****Lög um útgáfu og notkun nafnskírteina**

Tóku gildi 12. júní 1965. Breytt með: L. 60/1974 (tóku gildi 11. júní 1974). L. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983). L. 50/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006). L. 77/2010 (tóku gildi 1. júlí 2010).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ [[Þjóðskrá Íslands]<sup>1)</sup> gefur út nafnskírteini til allra einstaklinga, sem skráðir eru hér á landi, þó ekki fyrir en á því almánaksári, er þeir fylla 14 ára aldur.<sup>2)</sup>

□ Á nafnskírteini hvers manns skal vera:

1. Nafn, eins og það er ritað í þjóðskrá.
2. Nafnnúmer samkvæmt þjóðskrá.
3. Fæðingardagur og -ár.
4. Útgáfutími skírteinis.
5. Reitur fyrir mynd.

□ Heimilt er að ákveða, að aðrar upplýsingar skuli vera á nafnskírteininu, eftir því sem henta þykir. Enn fremur er heimilt að ákveða, að á nafnskírteininu skuli vera nafn skírteinishafa ritað eigin hendi.

□ . . .<sup>3)</sup>

□ Heimilt er að ákveða, að útgáfa nafnskírteinis til útlendinga skuli ekki eiga sér stað fyrir en eftir tveggja ára samfellda dvöl þeirra hér á landi.

□ Kostnaður við útgáfu nafnskírteina greiðist úr ríkissjóði, en ef einstaklingur óskar eftir endurútgáfu nafnskírteinis, þar eð upphaflegt nafnskírteini hans er glatað eða af öðrum ástæðum, er [Þjóðskrá Íslands]<sup>1)</sup> heimilt að taka gjald fyrir það.

□ Lögreglustjórar annast um afhendingu nafnskírteina. Hver sá, sem skírteini er gert fyrir skv. 1. gr., skal gefa sig fram í skrifstofu lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem hann er á fbuaskrá, til þess að fá skírteinið afhent.

<sup>1)</sup> L. 77/2010, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 60/1974, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 60/1974, 2. gr.

**■ 2. gr.**

□ Nú er ákveðið í lögum, reglugerð eða lögreglusamþykkt, að menn skuli sanna aldur sinn, þegar svo ber undir, og geta þeir þá fullnægt þeirri skyldu með því að leggja fram nafnskírteini sitt. Sömuleiðis geta menn sannað aldur sinn með framlagningu nafnskírteinis, þá er þeir eru krafðir um skilríki samkvæmt ákvæðum um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða fyrir komu eða dvöl á stað.

□ Heimilt er að ákveða með reglugerð, að menn skuli sýna nafnskírteini í skiptum sínum við opinberan aðila, sem notar [auðkennisnúmer þjóðskrár]<sup>1)</sup> í umsýslu sinni.

□ Nafnskírteini skal að öðru leyti notað sem sönnunargagn um, hverjir menn séu, og um aldur, eftir því sem henta þykir, og í skiptum manna á milli og á opinberum vettvangi.

<sup>1)</sup> L. 60/1974, 3. gr.

**■ 3. gr.**

□ Við notkun nafnskírteinis í sambandi við fyrirmæli laga, reglugerða og lögreglusamþykktu um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða komu á stað, er nafnskírteinið því aðeins sönnunargagn um aldur, að í því sé mynd af hlutaðeiganda, með embættisstimpli lögreglustjóra og dagsetningu.

□ Þeir, sem óska, að mynd sé á nafnskírteini sínu, skulu afhenda lögreglustjóra tvær myndir af sér. Skulu þær vera á endingargóðum pappír, 35x45 mm að stærð, og að öðru leyti fullnægjandi að dómi lögreglustjóra. Skírteinishafar greiða sjálfir kostnað við gerð mynda.

□ Ákveða má, að nafnskírteini, sem ljósmynd hefur verið á tiltekið árábil, skuli teljast vera án myndar, þar til sett hefur verið á þau ný mynd, sem fullnægjandi er að dómi lögreglustjóra.

□ Heimilt er að ákveða, að mynd skuli vera á öllum nafnskírteinum eða ef þau eru ætluð til nánar ákveðinna nota.

**■ 4. gr. . . .<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 50/2006, 9. gr.

**■ 5. gr.**

□ Heimilt er að ákveða með reglugerð, að handhafar ökuskrírteinis skuli geta notað það á sama hátt og nafnskírteini er notað samkvæmt lögum og öðrum opinberum fyrirmælum, enda sé það tryggt, að nafn og aðrar upplýsingar á ökuskrírteininu séu samhljóða sömu atriðum á nafnskírteini hlutaðeiganda.

□ [Hverjum lögreglustjóra er heimilt að ákveða fyrir sitt umdæmi, að nafnskírteini einstaklinga á aldursbilinu 18–23 ár skuli ekki vera gilt sönnunargagn um aldur, nema lagt sé fram sérstaklega útgefið skírteini með öðrum lit en er á almennu nafnskírteini. Heimild þessi er bundin við notkun nafnskírteinis í sambandi við opinber fyrirmæli um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða fyrir komu eða dvöl á stað.

□ [Þjóðskrá Íslands]<sup>1)</sup> gefur út nafnskírteini með sérstökum lit til einstaklinga í umdæmum, þar sem lögreglustjóri hefur ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 2. mgr. Greiða skal fyrir útgáfu slíks skírteinis samkvæmt gjaldskrá, er [Þjóðskrá Íslands]<sup>1)</sup> setur.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 77/2010, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 60/1974, 4. gr.

**■ 6. gr.**

□ Ráðherra er heimilt að setja, með reglugerð eða á annan hátt, nánari fyrirmæli um nafnskírteini og framkvæmd laga þessara að öðru leyti.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 18/1967.

**■ 7. gr.**

□ Brot gegn ákvæðum þessara laga og gegn reglum settum samkvæmt þeim varða sektum . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1983, 29. gr.